

AÐGERÐAÁÆTLUN RANNÍS Í LOFTSLAGS- OG UMHVERFISMÁLUM

Umhverfispáttur	Áherslur	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Orkunotkun	Hugum að orkusparnaði	Fylgjumst með heitavatnsnotkun	Ofnar yfirfarnir reglulega	Sviðsstjóri rekstrarsviðs	2021-24
		Drögum úr rafmagnsnotkunar um 20%	Yfirförum raftæki með tilliti til sparnaðarhams	Allt starfsfólk	2021-22
			Munum að slökkva ljós á starfsstöð/skrifstofu í lok vinnudags	Allt starfsfólk	2021-24
			Setjum upp hreyfiskynjara fyrir ljós á baðherbergjum	Sviðsstjóri rekstrarsviðs	2022
			Skiptum út ljósum í ákveðnum skrefum þannig að öll ljós taki LED perur	Sviðsstjóri rekstrarsviðs	2021-22
Úrgangur	Aukum endurvinnslu og drögum úr úrgangsmýndum og losun gróðurhúsalofttegunda	Minnka úrgang um 40%	Sjá aðgerðir hér að neðan:		2021-24
		Nýting matvæla	Í matseld eru matarafgangar nýttir. Það sem ekki er hægt að nota í matseld er lagt fram í mötuneyti í lok dags og þeir sem vilja geta tekið afgangana heim og nýtt þá þar	Kokkur	2021
		Að matarsóun í mötuneyti verði ekki meiri en 10%	Setjum leiðbeiningar upp í Hlöðu fyrir starfsfólk um hvernig er best að draga úr matarsóun	Umhverfisnefndin	2022-23
		Enduvinnsluhlutfall verður 95%	Gerum skýrari flokkunarleiðbeiningar fyrir starfsfólk og gesti	Umhverfisnefndin	2022-23
			Gerum tunnur fyrir óflokkaðan úrgang óaðgengilegri. Förum yfir hvar þær eru staðsettar og fjarlægjum þar sem hægt er	Sviðsstjórar hvers sviðs	2022-23
			Vigtum úrgang í 1-2 vikur árlega svo úrgangstölur séu til	Umhverfisnefndin	2021-24
		Pappírnotkun fjölnotavéla verði 1.800 blaðsíður pr starfsmann á árinu 2022 eða 150 bls pr starfsm pr mánuð.	Tökum saman upplýsingar um prentun pr. svið og meðaltal pappírnotkunar fyrir Rannís. Sviðsstjórar geta fengið upplýsingar niður á starfsmenn og kannað ástæður fyrir pappírnotkun og hvort hægt sé að draga úr pappírnotkun. Hafa þarf í huga að störfingur kalla á mismikla pappírnotkun	Sviðsstjóri rekstrarsviðs	2021-22
			Skjölun verði aðeins rafræn nema í tilfellum þar sem pappírseintaks er krafist	Allt starfsfólk	2021-22
		Lengjum líftíma húsgagna og annars búnaðar	Húsgögn stofnunarinnar sem tekin eru úr notkun verða boðin starfsfólki, öðrum stofnunum, félagasamtökum eða gefin í Góða hirðinn	Rekstrarsvið	2021
			Komum upp stað fyrir raftæki og annað sem ekki nýtist lengur í starfsemi en starfsfólk má nýta	Rekstrarsvið	2021-24
Að fjarfundir fækki ferðum	Gerum viðburði á vegum Rannís aðgengilega fólki utan höfðuborgarsvæðisins með fjarfundarbúnaði til að kalla ekki á ferðalög nema þörf sé á	Allt starfsfólk	2021		

Viðburðir og fundir	Sýnum gott fordæmi og hvetjum samstarfsaðila og gesti til að huga að bættri umgengni við umhverfið	Forðumst einnota umbúðir	Bjóðum ekki upp á einnota diska, glös eða hnífapör nema sérstakar aðstæður krefjast. Velja umhverfisvænar umbúðir sem brotna auðveldlega niður í náttúrunni	Kokkur	2021
		Panta fundarveitingar með góðum fyrirvara	Panta veitingar fyrir fundi með að lágmarki 2ja virkra daga fyrirvara til tryggja framboð	Allt starfsfólk	2021
		Vistspor fundarveitinga	Tökum tillit til vistspors við val á veitingum - veljum það sem er næst okkur í náttúrunni	Kokkur og þeir sem panta veitingar	2021 ²
		Merkisspjöld og önnur fundargögn	Endurnýtum merkisspjöld þátttakenda og höfum í huga að velja umhverfisvænar lausnir	Allt starfsfólk	2021-24
		Forðumst framleiðslu óþarfa kynningarefnis	Forðumst útprentað efni og framleiðslu varnings sem ekki er þörf á	Allt starfsfólk	2021-24
Samgöngur	Hvetjum til umhverfisvænna ferðamáta starfsmanna til og frá vinnu	Lækkum hlutfall starfsmanna sem fari oftast á bíl í vinnuna niður fyrir 50% (2020:77%).	Bjóðum upp á samgöngustyrki á fjölbreyttu formi þar sem bæði er komið til móts við aukinn tíma og kostnað Rannís býður upp á læstar hjólreiðageymslur sem er hluti sameignar Borgartúns 30. Sturtuáðstaða er til staðar á 3ju hæð fyrir þá sem kjósa að hjóla/ganga í vinnuna		2022
					2021
	Drögum úr ferðum starfsmanna til og frá vinnu með aukinni fjarvinnu	Lækkum losun vegna aksturs starfsmanna til og frá vinnu niður í 15 tonn CO2 á ári (2019: 27)	Rannís móti fjarvinnustefnu sem gerir starfsfólki kleift að vinna heima allt að 14,4 klukkustundir á viku.	Fjarvinnustefna Rannís undir umsjón sviðsstjóra hvers sviðs	2021-22
	Stefnt er að því að fækka árlegum fundarferðum til útlanda þannig að þær verði að meðaltali 3,5-4 pr stöðugildi og lækki þannig úr 5,1 sem þær voru að meðaltali á árunum 2015-2019.		Leitumst við að draga úr ferðum á fundi erlendis og hvetjum til fjarfunda í samningum um erlend verkefni.	Stjórnendur	2021-24
			Skrá upplýsingar um fjarfundamöguleika funda/ráðstefna í ferðabeiðnir undir reitnum Græn skref ásamt tilheyrandi rökstuðningi.	Starfsfólk og sviðsstjórar sem samþykkjendur fundarferða	2022
			Sækjum eingöngu þá fundi sem hafa fyrirliggjandi dagskrá og nauðsynlegt er talið að sækja.	Starfsfólk og stjórnendur	2021-24
			Í árlegri rekstraráætlunargerð fyrir Rannís er gerð áætlun um fjölda vinnuferða á fundi erlendis sem byggist m.a. á samtölum við starfsfólk	Stjórnendur	2021-24
Minnkum kolefnisspor ferða til útlanda niður í 70 tonn CO2 á ári	Spyrjum okkur í hvert skipti hvort við getum tekið virkan þátt á viðburðum með fjarfundarbúnaði án þess að það komi niður á gæðum þátttökunnar. Þetta á einkum við um eins dags viðburði, sem alla jafna ættu ekki að kalla á ferðalög milli landa	Allt starfsfólk í samráði við stjórnendur	2021-24		

		(2019: 95)	Ef ferðin felur í sér millilendingu eða stutt flug milli staða, skal leitast við að nýta lestarsamgöngur í stað flugs þegar hægt er	Sviðsstjórar og starfsfólk í ferðum sínum	2021-24
	Notum umhverfisvænar samgöngur innanlands	Dregið úr kolefnislosnun í samræmi við megimarkmið loftslags- og umhverfissefnu Rannís	Leitum leiða til að gera ferðir innan höfuðborgarsvæðisins umhverfisvænar. Rannís endurgreiðir kostnað sem starfsfólk þarf að leggja út fyrir. Leigubílaferðir og bílferðir með aðeins einum farþega ætti að forðast en ef tekinn er leigubíll þá óska eftir rafdrifnum bíl, sjá samning við Hreyfil. Á ferðalögum innanlands verði leigðir rafmagnsbílar þegar kostur er	Rekstrarsvið og starfsfólk	2021-24
Innkaup	Stundum umhverfisvæn innkaup	Í Hlöðunni leggjum við áherslu á heilnæm og sjálfbær matvæli	Aukum vægi grænmetisréttta á matseðli vikunnar og forðumst unnar kjötvörur	Kokkur	2021-24
		Drögum úr kaupum á óparfa og aukum hlut umhverfismerkra vara og þjónustu	Höfum til hliðsjónar við innkaup að vara sé síður skaðleg umhverfinu og/eða heilsu fólks. Reynum eftir mætti að kaupa Svansvottaðar vörutegundir	Rekstrarsvið og aðrir sem sjá um innkaup	2021-24
			Endurnýtum möppur, millispjöld og kjalmiða	Allt starfsfólk	2021-24
			Kaupum ekki meira en þörf krefur og kortleggjum neyslu	Allt starfsfólk	2021-24
Fræðsla	Fræðum starfsfólk um innra umhverfisstarf og önnur umhverfismál	Höldum a.m.k. 3 fræðslufundi um umhverfismál á hverju ári	Höldum stutt erindi á Heilsudögum eða á starfsmannafundum	Umhverfisnefndin í samráði við mannauðsstjóra	2021-24
Græn skref	Fylgjum grænum skrefum	Horfum til aðgerða Grænu skrefanna í öllu umhverfisstarfi	Sækjum um aðild að Grænum skrefum	Rekstrarsvið ásamt sviðsstjórum	2021
			Birtum merki Grænna skrefa á forsíðu heimasíðu okkar	Rekstrarsvið	2022
			Förum yfir hvort aðgerðir Grænna skrefa séu til staðar í verkferlum og leiðbeiningum á okkar vegum	Starfsfólk og stjórnendur	2021-24
Kolefnisjöfnun	Kolefnisjöfnum losun okkar með ábyrgum hætti	Kolefnisjöfnum losun gróðurhúsalofttegunda á hverju ári (miðað við losun 2019 þarf að gróðursetja tæplega 700 tré eða fylla upp í 3,4 ha á ári.	Veljum stað til að planta trjám með það að markmiði að kolefnisjafna að fullu alla starfsemi Rannís.	Stjórnendur	2021-24
Áætlanir og sjóðir	Höfum jákvæð áhrif á þá sjóði og áætlanir sem við höfum aðkomu að		Bendum á grænar leiðir við framkvæmd verkefna og hvetjum styrkhafa til vistvænnar nálgunar	Starfsfólk	2021-24

Uppfærum loftslags- og umhverfisstefnu á þriggja ára fresti	Uppfærð umhverfisstefna verður tilbúin 2024 og birt á vef Rannís	Rýnum og uppfærum drög að uppfærðri stefnu í ljósi árangurs og niðurstaðna Græns bókhalds	Forstöðumaður Rannís	2024
---	--	---	----------------------	------